

Lög

um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

1. gr.

B-liður 2. mgr. 70. gr. laganna orðast svo: að sýnt sé fram á að öflun stofnfjárlutarins sé liður í eflingu samvinnu milli sparisjóða í landinu eða sparisjóða innan Evrópska efnahags-svæðisins.

2. gr.

2. mgr. 75. gr. laganna orðast svo:
Sjálfsseignarstofnun fer þó með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjareign sína.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 76. gr. laganna:

- Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fyrir fund stofnfjareigenda skv. 1. mgr. 73. gr. verða engar skuldbindandi ákvarðanir teknar fyrir hönd sjálfsseignarstofnunarinnar.
2. og 3. mgr. orðast svo:

Í stjórn sjálfsseignarstofnunar skv. 1. mgr. skulu eiga sæti tveir fulltrúar sveitarfélags þar sem sparisjóðurinn á heimilisfesti við breytingu hans í hlutafélag, einn fulltrúi tilnefndur af fjármálaráðherra og tveir fulltrúar tilnefndir af viðskiptaráðherra. Stjórnin, þannig skipuð, velur sér formann og fer með hagsmuni sjálfsseignarstofnunarinnar frá og með fundi stofnfjareigenda skv. 1. mgr. 73. gr. Stjórnartími skal vera fjögur ár nema annað sé ákveðið í samþykktum. Minnst tveimur mánuðum fyrir lok stjórnartíma skal formaður stjórnar afla nýrra tilnefninga skv. 1. málsl.

Fyrir fund stofnfjareigenda skv. 1. mgr. 73. gr. skal sparisjóðurinn hafa aflað tilnefninga skv. 2. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

2. mgr. 101. gr. laganna orðast svo:

Samruni sparisjóðs við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess er því aðeins heimill að sparisjóðnum hafi áður verið breytt í hlutafélag samkvæmt ákvæðum VIII. kafla, nema þegar um er að ræða samruna tveggja eða fleiri sparisjóða sem ekki hefur verið breytt í hlutafélag eða hlutafélög.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. gr. taka þó ekki til sparisjóða þar sem stofnfjareigendafundur hefur þegar tekið ákvörðun um hlutafélagavæðingu skv. 73. gr. laganna.

Samþykkt á Alþingi 5. febrúar 2004.